

EFTIRLITSSKÝRSLA

Vegagerðin Ísafirði



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	31.8.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella
Fyrirtæki	Vegagerðin	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella
Heimili	Mávagarði	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	680269	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Sigurður Már Óskarsson	ÍSAT nr.	51.51.0
Fulltrúi fyrirtækis	Wojciech Wielgosz	Staðsetning	

Niðurstaða eftirlits

Eitt frávik kom fram við eftirlit er varðar að skráningar í rekstrarhandbók eru ekki fullnægjandi. Tvær ábendingar voru settar fram um að bæta þarf við ídræg efni í stöðvarhúsi og að öryggisblöð þurfa að vera á aðgengilegum stað.

Umfang eftirlits

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Um er að ræða bikbirgðastöð Vegagerðarinnar á Ísafirði og er heimild í starfsleyfi bundin við móttöku og geymslu í stærsta geymi, allt að 780 m³ af biki eða öðrum olíuefnum sem ætluð eru til malbiks og olíumalarefnaframleiðslu. Starfsleyfið gildir til 19. mars 2031.

Umfang eftirlitsins verður m.a. eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Kynning á meðfylgjandi gögnum
- Skoðunarferð

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skráningar og mælingar skv. 3. kafla. Þrjú frávik komu fram við síðasta eftirlit, árið 2020, er varða stærð lekavarnarþróar, mælingu á fráveituvatni vantar og að þrýstiprófunum löndunarbarka er ekki lokið. Þrjár ábendingar voru settar fram um að viðlöðunarefni stóð utan lekavaþróar, tryggingaskírteini vantar og uppfærsla á áhættumati vegna bráðamengunar vantar. Brugðist hefur verið við öllum þessum atriðum með fullnægjandi hætti og frávikunum því lokið. Einnig hafa verið gerðar fullnægjandi úrbætur er varða frávik frá árinu 2019 um frágang á áfyllingarplani og er því frávik einnig lokað.

Áhættumat 2023 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.

Rekstrarhandbók var yfirfarin og skráningar sem eiga að vera aðgengilegar í henni skv. starfsleyfi skoðaðar. Vantar nokkuð á það að skráningar séu fullnægjandi skv. gr. 3.1 í starfsleyfi og þarf að bæta þar úr. Haldið er utan um skráningar á viðhaldi, eftirliti og bilunum á mengunarvarnarbúnaði s.s. hreinsivirki í frárennsli og lekavarnarbúnaði í dagbók en hafa þarf betra aðhald og yfirsýn þar um. Starfsleyfi, flæðirit og afstöðumynd var aðgengilegt í rekstrarhandbók.

Olíugeymar voru þykktarmældir 2023 (bikgeymir) og 2021 (lýsisgeymir). Með reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi hefur krafa um botnþykktarmælingar á jarðbiksgeymum á 10 ára fresti verið felld út en ákvæðið er þó enn gilt í starfsleyfi. Starfsleyfi þetta verður fallið úr gildi þegar næstu þykktarmælingar eiga að fara fram og verður ákvæðið fellt út með nýju leyfi. Þrýstiprófanir á löndunarbörkum voru framkvæmdar árið 2021 og eru næstu prófanir á þeim árið 2026 skv. gr. 3.2 í starfsleyfi.

Gert var olíupróf með Macherey-Nagel strimlum í skilju þann 22. júní sl. en framkvæmd þess var ófullnægjandi og þekking á notkun strimlana var ekki til staðar. Farið var yfir notkun strimlanna í eftirlitinu og aðferðafræðin kennd starfsmanni stöðvarinnar. Ítrekað var að sé prófunin gerð utan eftirlits þá ber að taka myndband af mælingunni og senda til eftirlitsaðila eða skýrar ljósmyndir sem sína niðurstöðuna með óyggjandi hætti. Litið var ofan í skiljurnar í

eftirlitinu og ekki gerðar ábendingar þar um. **Gera þarf nýja prófun á skilju fyrir áramót og senda framkvæmdina til eftirlitsaðila sem myndskaið.**

Olíugildra hefur verið sett niður við áfyllingaplan sem uppfyllir þar með gr. 2.2 um að áfyllingaplan skuli hafa niðurfall í lægsta punt og vera tengt olíuskilju. Eldra frávik frá árinu 2019 um ófullnægjandi frágang áfyllingaplans er því lokað.

Tómur 10.000 L geymir stendur innan lekavarnarþróar og til stendur að setja í hann viðloðunarefni (TPH og Impact). En eru þau efni nú geymd í 1.000 L bömbum. Senda þarf eftirlitsaðila upplýsingar um geyminn skv. geyma og lagnablaði, s.s. byggingarár, fastanúmer og ártal síðustu botnþykktarmælingar, sem fylgdi fundarboðinu, áður en hann verður tekinn í notkun. Minnt er á að alla geyma skal þykktarmæla a.m.k. á 10 ára fresti skv. gr. 3.2 í starfsleyfi og óheimilt að taka í notkun geymi sem ekki hefur verið þykktarmældur innan þeirra viðmiða.

Stálveggur hefur verið settur umhverfis lekaþróna þannig að stærð hennar nær lágmarksviðmiðum skv. gr 2.1 í starfsleyfi, er eru 90% af rúmtaki stærsta geymis, sem er skv. ákvæðum starfsleyfis 780 m³. Steypt pró er umhverfis lýsisgeymi (lífdísel) og stendur til að byggja yfir þróna þannig að hægt sé að halda hita á lýsinu.

Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda liggur fyrir og uppfært tryggingaskírteini fyrir tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda hefur verið sent til eftirlitsaðila.

Bent er á að hafa ídræg efni til staðar í stöðinni til hreinsunar á smávægilegum leka skv. gr. 2.5 í starfsleyfi. Nokkrar ísogsmottur voru til staðar en þyrftu þær að vera fleiri svo hægt sé að bregðast við ef olíuefni sullast niður. Einnig er bent á að öryggisblöð þurfa að vera á aðgengilegum stað svo hægt sé að grípa þau í neyðartilfellum.

Gengið var um stöðina. Hlið var læst er komið var að, girðingar eru heilar og stöðin snyrtileg á að líta.

Frávik frá	Lýsing á frávik
Gr. 3.1 í starfsleyfi	Eitt frávik kom fram um að skráningar í rekstrarhandbók eru ekki fullnægjandi.

Ábendingar

Ábending er sett fram um að ídræg efni skulu vera til staðar í stöðinni til hreinsunar á smávægilegum leka skv. gr. 2.5 í starfsleyfi. Nokkrar ísogsmottur voru til staðar en þyrftu þær að vera fleiri svo hægt sé að bregðast við ef olíuefni sullast niður.

Einnig er sett fram ábending um að öryggisblöð þurfa að vera á aðgengilegum stað svo hægt sé að grípa til þeirra í neyðartilfellum.


Annað

Eitt lítilsháttar mengunaráhöpp varð í ágúst sl. þegar olíuefni fóru niður við dælingu en fór það niður í olíuskilju. Engar kvartanir eru skráðar hjá rekstraraðila né eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram.

Meðfylgjandi fundarboðinu var kynning á gagnagrunni Umhverfisstofnunar um mengaðan jarðveg og skráningar þar inn og kynning á nýrri gjaldskrá stofnunarinnar og breytingum á innheimtu eftirlitsgjalda. Rekstraraðili var beðinn að kynna sér skjölin. Einnig var farið yfir fyrirhugaða breytingu á boðun eftirlits en héðan í frá verða eftirlitin boðuð með skemmri fyrirvara en verið hefur ásamt því að hærra hlutfall reglubundinna eftirlita verða óboðuð.

Kristinn Gunnar K. Lyngmo frá Vegagerðinni var einnig viðstaddur eftirlitið.

Reykjavík, 08.11.2023



Guðbjörg Stella Árnadóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta

